# Tinova Traditional Window

## Gluggamálning

### Efnislýsing

Tinova Traditional Window er hálfglansandi, terpentínuþynnanleg alkýðolíumálning ætluð til nýmálunar eða yfirmálunar á gluggum utanhúss. Tinova Traditional Window veitir hámarksvernd á slétta fleti gluggakarmanna sem og kanta og horn.




### Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði).

**Nýmálun**

1. Til að ná sem bestum árangri er best að gegndreypa alla fleti með Tinova Wood Base Oil.
2. Grunnið alla fleti með Tinova Primer Exterior eða Tinova Primer Traditional Exterior. Best er ef það er gert fyrir glerjun svo falsinn sé einnig grunnaður.
3. Málið yfir tvær umferðir af Tinova Traditional Window.

**Endurmálun**

1. Þvoið allan flötinn með Original Målartvätt og skolið með vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Glansandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal pússa niður uns komið er í niður í eðlilegan viðarlit.
3. Ber viður skal gegndreyptur með með Tinova Wood Base Oil. Síðan er hann grunnaður með Tinova Primer Exterior eða Tinova Primer Traditional Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir af Tinova Traditional Window.

**Annað**

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan nokkurra klukkustunda eftir lok verks. Málið aldrei þegar hitastig er undir 5°C eða við hátt rakastig (>80%).

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Alkýðolía
**Gljástig:** 20%
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 8 klst.
**Yfirmálun:** 24 klst.
**Hiti við málun:** minnst +5°C, mest +25°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Hreinsuð terpentína
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** Nýmálun 8-10 $m^2$/l
**Þekja:** Endurmálun 10-12 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1 og 2,5 lítra dósir
**Stofnar:** BW
**Hreinsun:** Hreinsuð terpentína
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/d) 300 g/l.): Inniheldur mest 299 g/l.

Þessar upplýsingar eiga við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið málningardósinni tryggilega. Ekki láta dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsivatni í niðurföll heldur skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.